

— Ég vil sofa í ömmuhúsi, sagði Hugrún.

— Ég er svöng, sagði Auður og byrjaði að vola.

— Við finnum einhvern góðan veitingastað á eftir,

sagði mamma.

pá fleygði Hugrún sér á gólfð og sneri sér með sínum alkunnu spörkum hring eftir hring á bákinu og endurtók í sífelli: — Ekki aftur í bíl, ekki aftur í bíl.

— Af hverju borðum við ekki bara bollurnar? spurði

ég og lagði þær á eldhúsborði.

pá brosti mamma og tók utan um mig.

— Það er rétt, það er sennilega best, sagði hún.

Tryggvi fór út í búð og keypti kartöflur, karrisósu í pakka og grænmeti. Við fyrstu málitöina okkar á þessu nýja heimili sátum við á garðhúsögnum sem hann hafði komið fyrir í borðstofunni. Við léтуum okkur hafa það að drekka kranavatnið þótt okkur þætti það vont að bragðið.

Allt fíll í dúnalogn á meðan við borðuðum bollurnar af bestu lyst. Á endanum sofnuðu stelpurnar fram á diskana sína og Tryggvi bar þær inn í rúm.

— Takk fyrir að leggja á þig að koma með bollurnar, Hrafnhildur míni, sagði mamma örlið skömmustuleg.

— Ekkert mál.

— Ég pakka önnu þinni fyrir þær þegar ég hringi í hana á eftir og læt hana vita að við séum komnar allar leið. Hún veit hvað hún syngur. Guð minn almáttugun, hvað ég er annars þreytt.

— Ég líka, sagði ég, gekk út í garð og lagðist kyllingi á jörð í nýju landi.

Fyrsta kvöldið á nýja heimilinu hugsaði ég einungis um það hvernig ég gæti fengið Lindu til að hringja í Kormák og skipa honum að fjarlægja myndina. Hún ein gat þjargað mér. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir mínar var það ekki fyrr en ég lagðist á koddann í einmanalegu herbergjini mínu að það bárust önnur skilaboð frá Lindu.

Sorryr í dag, ég vil að þú vitir að ég skil þín vífbrögð mjög vel en K hefur samt pottþétt ekki verið að meina neitt illt með þessu kvenna fundist þú öðruvísi og spes og þess vnuðu póstað myndinni vildi pottþétt bara til hraugilegu hlíðina á þessu.

Takk, skrifði ég á móti, en geturðu hringt í hann í síðasta lagi NÚNA og sagt honum að eyða myndinni? Ég er að biðja þig í alvöru.

Ég (nú) máur að hugsa að eins hinnin eru III á morgun.

Þá var mér allri lokið. Ég hafði séð fyrir mér að ég myndi liggja uppi í rúmi fyrsta kvöldið og senda Lindu spjalla um allt og ekkert en nú lá ég öskureið og eimana í ótrúlega tómlegu herbergi í risastóru landi sem ég þekkti ekki neitt. Ég fékk mig ekki til að hringja í pabba þar sem ég hafði ekkert jákvætt og uppörvandi að segja honum. Vildi ekki hringja vælandi í hamn fyrsta kvöldið mitt í Pýskalandi. Fyrr um kvöldið hafði ég skrifð honum:

Rosalega þreytt, elska þig, hringi á morgun.

En eftir langa umhugsun fann ég enga aðra leið og hringdi í hamn. Ég dró djúpt inn andann til að fara ekki að gráta en svo þegar hann svaraði kom ég ekki upp einu einasta orði heldur kjöakraði ég bara eins og smákrakki. Þegar hann hafði spurt mig hvað væri að og kallað mig elsku lambið sitt minnst tú sinnum gat ég loks sagt honum allt af léttu. Eftir ævilanga þögn, sagði hann loksins:

— Ég hringi í þig eftir smástund, Hrafnhildur míni, þetta verður að leysa.

Á meðan ég beið að milli vonar og ótta var smástund sem heið eilið. Ég lá uppi í rúmi og starði á auða veggini og ljósaperuna sem hékk allsber í loftinu. Tryggyvi hafði keypt mjög fint rúm handa mér í Ikea, nátbord og skrifborð, en að öðru leyti var herbergið mjög tómlegt, ekki einu sinni fataskápur í því. Neðan úr herbergi mönnu ok Tryggva heyrdi ég braka í rúmi og stunur. Ég tók fylt eyrun.

Ég tók fyrir eyrun. Mér var ógeðslega heitt og hafi eins og litum maur í of stóru landi.

— Við kaupum eitthvað til að gera herbergið hlýlegt og persónulegt, hafði mamma sagt og tekið utan um mig áður en ég lagðist upp í.

Eins fíjott og ég gæti, myndi ég láta framkalla myndina af okkur pabba úr fjallgöngunni á Móskarðshnjúka, láta stækka hana og hengja upp á vegg. Um það var ég að hugsa þegar síminn hringdi.

— Pú þarf ekki að hafa meiri áhyggjur af þessari mynd, Hrafnhildur míni, sagði pabbi ákveðinni röddu.

— Hvað gerðirðu?

— Ég fékk bara lögfraðing í mál, sagði hann sporskur eins og venjulega.

— Ha?

— Ég bjallaði bara í mönnu hennar Lindu og bað henni um að slá á práðim til stráksa og nú er þetta úr myndinni. Farðu nú að sofa, elsku lambið mitt, og ég hūvur betur af öllu saman á morgun.

**N**eit var óendanlega lett, rétt eins og ég hefði unnið sigur í höfuði súkamáli. Nú ríkti grafarþögn í húsinu. Ég hugsaði hlykkju til Ásgerðar, mönnu Lindu. Reyndar fannst hér miður leitt hve margir hlytu að hafa séð myndina en hér var hin þó úr sögunni.

**A**nníðum er lögfraðingur og rekur stofu ásamt nokkrum annum lígmönnum. Hún er eiginlega alltaf að vinna við annan klár og dugleg. Pabbi og hún þekkjast frá hinum hefur hjálpað honum með lögfraðilegum annum þó að annan hefði mig um að vera ekkert að tala

um það að Ásgerður sé að aðstoða hann. Hún vilji hafa þetta „off the record“ út af öðrum stórum málum sem hún er að vinna að.

Einu sinni kom hún heim til pabba seint um kvöld með greinargerð sem hún vildi alls ekki senda á tölvupósti.

Hún endurtók í sífelli við hann: Unnsteinn, þetta er „off the record“, sko trúnaðarmál okkar á milli og fer ekki lengra. Svo hljóp hún út án þess að kveikja ljósin í stigaganginum. Við horfðum á eftir henni ganga heim í brjálguðu slagviðri með höfuðljós, en venjulega fer hún allra síma ferða á Landcruisernum sínum.

Eftir að pabbi var búinn að lesa greinargerðina um vafasama lagningu háspennulínu yfir einhver vatnsverndarsvæði sagði hann að Ásgerður væri einn harðasti umhverfissimi sem hann þekkti.

— En kannski ekki sá hugaðasti, bætti hann við og skelli hló.

Var þetta ekki óbarfi, gátum við ekki bara haft þetta okkar á milli, ég ættaði að hafa samband við hann á mórgun? fékk ég frá Lindu á snappinu.

fékk ég frá Lindu á snappinu.

Greinilega ekki  
svaraði ég,

Mjög augljóst að þú vantreystir mér  
svaraði Linda.

Kannski, endaði ég á að segja og þótt mér fyrndist leitt hvernig málin höfðu þróast á milli okkar var eins og steini hefði verið velt af brjósti mér. Ég andaði léttar, brosti og gat nú sofnad vært þessa fyrstu nótt á nýju heimili okkar í Þýskalandi.